



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 17. júlí 2018

Ákvörðun nr. 23/2018

### **Samruni Opinna kerfa hf., Sýn hf., Korputorgs ehf., Reiknistofu bankanna hf. og RKF ehf.**

#### **I.**

##### **Samruni**

Hinn 28. mars 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um sameiginlegt verkefni Opinna kerfa hf. (hér eftir Opin Kerfi), Sýn hf. (hér eftir Sýn), Korputorgs ehf. (hér eftir Korputorg) og Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir Reiknistofan) um stofnun félagsins RKF ehf. (hér eftir RKF). Með bréfinu barst samrunaskrá sem var í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 648/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi hinn 28. mars 2018.

Með bréfi dags. 10. apríl 2018 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að fyrrnefnd samrunaskrá teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins og þeir frestir sem eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 3. apríl sl.

Samkeppniseftirlitið óskaði umsagnar hjá verðandi keppinautum RKF og gaf þeim færi á að leggja fram sjónarmið um möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans. Einn keppinautur sá ástæðu til þess að leggja fram umsögn.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar.

Í máli þessu er um að ræða sameiginlega stofnun félagsins RKF en hluthafar þess félags eru annars vegar Opin kerfi, Sýn, Korputorg sem eiga 30% hlut hvert og hins vegar Reiknistofan sem á 10% hlut. Kom fram í samrunaskrá að tilgangur og markmið með stofnun RKF væri viðskiptalegs eðlis og sáu samrunaaðilar tækifæri í því að koma inn á gagnaversmarkaðinn. Töldu þeir eftirspurn eftir slíkri þjónustu og ætluðu að hún myndi fara vaxandi. Þá þyki Ísland ákjósanlegur staður fyrir starfsemi gagnavera, bæði fyrir rekstraraðila og viðskiptavinum.



## II.

### Markaðir málsins

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Opin kerfi hafa starfað frá 1985 og er fyrirtæki í upplýsingatækni á Íslandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf og innleiðingu rekstrar-, skýja- og hýsingarlausna ásamt sölu á tölvu- og samskiptabúnaði til bæði innlendra og erlendra aðila.

Sýn er fyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar. Aðalstarfsemi þess er að veita alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga jafnt sem fyrirtækja. Fyrirtækið býður þjónustu í farsíma, internet, heimasíma og sjónvarpsdreifingu og sjónvarpsþjónustu. Sýn keypti ákveðnar rekstrareiningar af 365 miðlum ehf. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017 *Samruni Fjarskipta hf. og 365 miðla hf.* voru kaupin heimiluð með skilyrðum.

Korputorg er fasteignafélag. Það starfar á markaði með útleigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila. Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Kristins ehf. á öllu hlutfé Korputorgs. Var sá samruni samþykktur án íhlutunar með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2016 *Kaup Kristins ehf. á öllum hlutum í Korputorgi ehf.* Ekki er talið að fyrirtæki í samstæðu Korputorgs stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa gæta eða á sömu mörkuðum og RKF.

Reiknistofan sinnir þróun, viðhaldi og rekstri fjölbreyttra hugbúnaðarlausna fyrir viðskiptavinum sína. Auk þess veitir félagið viðskiptavinum sínum hýsingar- og rekstrarþjónustu.

Tilgangur RKF, samkvæmt samþykktum þess, er rekstur gagnavers, raforkukaup, kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með fjármálagerninga og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánstarfsemi og skyldur rekstur. RKF mun verða leigutaki að fasteign sem er í eigu Korputorgs og þar mun félagið reka gagnaver. Við mat á gæðum gagnavera hefur verið þróuð ákveðin mælistika og mun gagnaver RKF uppfylla megin skilyrði til að teljast gagnaver í flokki Tier III sbr. ANSI/TIA-942 Telecommunications Infrastructures Standard for Data Centers, útgefið af Telecommunications Industry Association árið 2005, með síðari breytingum. Þá stefnir RKF í að verða skilgreint sem stórnotandi raforku í skilningi raforkulaga nr. 65/2004, þ.e. að félagið muni nota innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

### 1. Vörumarkaður

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarra vöru eða þjónustu.



Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi RKF muni eiga sér stað á gagnaversmarkaði. Telja samrunaaðilar að enginn hluthafi RKF hafi meginstarfsemi sína á þeim markaði. Þá er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2016 *Kvörtun Fjarskipta hf. vegna Farice ehf.* Þar sem fram kom að gagnaver og fjarskiptafélög veiti tvenns konar ólíka þjónustu hér á landi sem aðgreinir starfsemi þeirra á markaði samkvæmt lögum. Þá væri ekki að sjá að gagnaver og fjarskiptafélög væru keppinautar þar sem þau starfa ekki á sama þjónustu markaði. Benda samrunaaðilar á að Opín Kerfi, Sýn og Reiknistofan starfi á hýsingarmarkaði. Sú þjónusta tilheyrir sérstökum markaði sem sé óskyldur gagnaversmarkaðnum sem slíkum, þ.e. að gagnaver bjóða almennt upp á rými sem hentar fyrir tækjabúnað viðeigandi leigutaka en hýsingaraðilar notast við sinn eigin búnað við sölu á sinni þjónustu.

Samrunaaðilar telja að heilbrigð samkeppni ríki á gagnaversmarkaðnum en að sama skapi sé ljóst að gagnaverin eru fremur fá hér á landi. Hér séu starfrækt þrjú gagnaver, þ.e. Verne Holdings ehf. sem rekur Verne Global Data Center, Advania Data Centers ehf. sem rekur Thor Data Center og Mjólnir Data Center og Borealis Data Center ehf. sem rekur Borealis Data Center. Líkt og áður kom fram mun RKF vera gagnaver í flokki Tier III en hér á landi eru einungis Verne Global Data Center og Thor Data Center sem falla í sama flokk, hin eru flokkuð sem Tier I.

Samkeppniseftirlitið gerir í máli þessu ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á markaði málsins og telur því að RKF starfi á gagnaversmarkaði. Sá markaður sem samruni þessi máls hafi helst áhrif á sé því markaður fyrir gagnaver. Þá skal tekið fram að ekki er talið að áhrifa muni gæta á hýsingarmarkaði. Annars vegna vegna lítillar markaðshlutadeildar samrunaaðila á þeim markaði og hins vegar sökum ólíks eðli hýsingar- og gagnaversþjónustu.

## **2. Landfræðilegur markaður**

Þá telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður fyrir gagnaver vera alþjóðlegan. Máli þeirra til stuðnings vísa þeir til þess að mikill meirihluti viðskiptavina við gagnaverin sem starfrækt séu hér á landi séu erlendir aðilar. Þá eru helstu keppinautar RKF, fyrr utan innlendu gagnaverin, erlend gagnaver og sé samkeppnin þar mikil.

Samkeppniseftirlitið getur fallist á lýsingu samrunaaðila á hinum landfræðilega markaði.

## **III.**

### **Niðurstaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkst eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk til að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Líkt og áður kemur fram telur Samkeppniseftirlitið að markaður þessa máls sé markaður fyrir gagnaver á alþjóðlegum markaði. Við rannsókn málsins var gagnaversmarkaðurinn því skoðaður nánar og var aflað upplýsinga frá utanaðkomandi aðilum. Stærð markaðarins var síðan metin á þann veg að miðað var við raforkuþörf gagnavera í MW á ári. Ef eingöngu er horft til þeirra gagnavera sem starfa hér á landi mun áætluð markaðshlutdeild RKF vera á bilinu 0-5%.

Gera verður sérstaka grein fyrir hluthöfum RKF. Þrír þeirra, þ.e. Opin kerfi, Sýn og Reiknistofan eru allir með starfsemi á sama markaði, hýsingarmarkaði. Aðkoma þeirra félaga að umræddum markaði er með ólíkum hætti. Bæði Sýn og Opin kerfi hafa mjög takmarkaða markaðshlutdeild á hýsingarmarkaði. Þessi framangreind félög hafa engin áform um að breyta áherslum sínum á áðurnefndum markaði. Þá hefur Reiknistofa bankanna haft sterka stöðu á undirmarkaði upplýsingatækni- eða hugbúnaðarmarkaðar, einkum í viðskipta- og greiðslulausnum, þar sem félagið veitir fjármálafyrirtækjum þjónustu.<sup>1</sup> Þó að fram komi að starfsemi þeirra á þeim markaði sé ekki umfangsmikil er því beint til samrunaaðila að gæta þess að með umræddri sameiginlegri stofnun félagsins RKF myndist ekki vettvangur til samstarfs sem fallið geti undir bann við samráð í samkeppnislögum. Hvers konar viðskiptalegt samstarf milli eiganda RKF, sem varðar ekki hlutverk og starfsemi RKS á gagnaversmarkaði, getur því farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Í athugasemdum verðandi keppinautar RKF var lýst yfir áhyggjum um aðkomu Reiknistofunnar. Af þeim ástæðum var þáttur Reiknistofunnar skoðaður sérstaklega við rannsókn á umræddum samruna. Í ljósi þess að hlutur Reiknistofunnar í RKF er einungis 10% telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á iðlutun í máli þessu á þeim grundvelli.

Fram kemur í samrunaskrá að RKF muni starfa á gagnaversmarkaði og á þeim markaði hafi enginn af hluthöfunum meginstarfsemi líkt og áður hefur verið nefnt. Hvað varðar samkeppnisleg áhrif samrunans taka samrunaaðilar fram að Opin kerfi, Sýn og Korputorg munu öll eiga 30% hlut hvor í RKF en Reiknistofan 10%. Þá munu Opin kerfi, Sýn og Reiknistofan verða viðskiptavinir RKF. Þá kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar telji að RKF muni ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif á gagnaversmarkaðinn, heldur muni stofnun félagsins þvert á móti leiða til þess að framboð þjónustu á umræddum markaði muni aukast. Þeir sjá ekki fram á að samruninn breyti markaðsgerð gagnaversmarkaðarins að neinu leyti og að ekki muni stofnast til markaðsráðandi stöðu eða líkur á skaðlegum áhrifum á samkeppnina, s.s. að útilokunaráhrif skapist.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að samruni þessi muni ekki hafa þau áhrif á samkeppni að markaðsráðandi staða skapist eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Á gagnaversmarkaði eru ekki starfandi mörg fyrirtæki hér á landi og þau sem þar eru á markaði eru með mun meiri markaðshlutdeild en fyrirhugað er að RKF muni hafa. Því sé viðbót RKF á markaðinn jákvæð og til þess fallin að auka samkeppni.

---

<sup>1</sup> Sjá Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012 *Undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruni við Teris*



Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki verður séð að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

**„Stofnun Opinna kerfa hf., Sýn hf., Korputorgs ehf. og Reiknistofnu bankanna hf. á félaginu RKF ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson